

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Hafnarsvæðið við Skipavík.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti 18. apríl 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 en þar er svæðið skilgreint sem hafnarsvæði. Deiliskipulagssvæðið tekur til um 4,5 ha reits og eru helstu markmið þess að skilgreina skynsamlega nýtingu núverandi innviða og framtíðarmöguleika til uppbyggingar á svæðinu. Auk skipulagsskilmála fyrir núverandi byggðar og óbyggðar lóðir, eru settir fram skilmálar fyrir nýjar lóðir við Nesveg 25 og 14a. Á vinnslustigi tillögugerðarinnar voru lóðirnar Nesvegur 22a og 24 felldar utan deiliskipulagssvæðis vegna fyrirséðra áhrifa á aðliggjandi minja- og útivistarsvæði, sem til stendur að skipuleggja í kjölfar þessa deiliskipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 29. september 2023.

Kristín Þorleifsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 2. október 2023